Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



Málgagn Kommúnistaflokks íslands/Marxista-Lenínista

STÉTTABARÁTTAN VIKUBLAÐ MÁLSSVARI VERKAFÓLKS!
Arsáskrift ....3000kr.
Hálfsársáskrift........1800kr.
Arsfjórðungsáskrift.... 1000kr.
Baráttuáskrift (gildir fyrir heilt ár)..........5000kr.

20. tölublað | þriðjudagur 31. mai | 6. árgangur | Verð kr. 60.



Skipuleggjum baráttuna

Nú hafa samningar ASÍ við atvinnurekendur staðið í nokkra manuði og arangurinn er nanast enginn. Þo komst sma skriður a samningana upp ur þeim skæruverkföllum sem hafnarverkamenn skipulögðu nu fyrir skömmu. Í skæruverkföllunum sau atvinnurekendur aður opekkta hættu sem ognað gæti því kverkataki sem þeir hafa a verkalyðshreyfingunni. Þeir voru því fljotir til og losuðu lítillega um samningana með því að ganga að tillögu sattanefndar um serkröfurnar. En jafnframt því hotuðu þeir að mæta ekki a samningafundi ef skæruverkfallinu heldi afram. Þessi hotun var abending til ASI um að gripa i taumana ef þeir vildu koma i veg fyrir að kjarabarattan tæki nyja stefnu. Þar eð skæruvekföllin hefðu getað verið upphafið að því að verkafolk tæki upp nyjar barattuaðferðir svipað og skeð hefur alls staðar erlendis.

Skæruverkföllin.

Sú nýja baráttuaðferð sem hafnarverkamenn bydduðu upp a her er aratuga gömul. Erlendis þekkist vart önnur aðferð til að berjast fyrir bættum kjörum. Skæruverkföllin eru sú aðferð sem bestan arangur hefur gefið. Þau virkja þa til barattu sem besta möguleika eiga a að na fram bættum kjörum. Allsherjarverkvöll eru aftur a moti ekki notuð til að na fram kjarabotum. Þau eru oftast notuð til að þrysta a ymsar politiskar aðgerðir. T. d. hafa verkalyðsfelög a Norðurlöndum og annar staðar i V-Evropu beitt allsherjarverkföllum til að þrysta a stjornvöld i skatta husnæðismalum, verðlagsmalum og öðrum malum sem varða felagslega þjonustu. I flestum tilfellum eru því allsherjarverkföllin notuð þegar þrysta a um politiskar aðgerðir stjornvalda, en skæruverkföllin eru orðin hin hefðbundna aðgerð til að na fram hækkunum a launum. Ef þessi aðferð yrði tekin upp her myndi það leiða til þess að framkvæmd allra aðgerða lægi meir i höndum verkafolksins sjalfs og gæti því skollið a fyrirvaralaust og þar sem verst stæði a fyrir atvinnurekendur. Þessi barattuaðferð hefur alls staðar gefið goða raun og er mun ahrifarikari en hægfara og langvinn allsherjarverköll, sem gera litið annað en þreyta verkafolk og halda því fyrir utan barattuna. Aftur a móti væru skæruverkföllin til að virkja verkafolk i barattunni, bæði i skipulagningunni og framkvæmd aðgerðanna. Þetta er einmitt það sem islenskir atvinnurekendur ottast, að verkafolk taki malin i sinar eigin hendur, en lati ekki lögboðnum umbjoðendum sinum barattuna eftir. Þess vegna spyrna þeir nu fast við þegar þeir sja merki þess að verkafolk er að taka upp þessa kunnu barattuaðferð fra nagrannalöndum okkar.

"Eru skæruverkföllin lögleg"?

VSÍ hefur lýst því yfir að skæruverkföllin seu ológleg og þess vegna verði að stöðva þau. Nokkrir forystumenn ASÍ hafa tekið i sama streng og lyst sig andstæða skæruverkföllum vegna þess að þau brjoti gegn lögum um "stettafelög og vinnudeilur". Enn aðrir hafa hvorki viljað mæla með þeim eða mot, en þriðju mögulegu afstöðuna stuðning við þau, hefur engin af verkalyðsforystunni tekið. ASÍ forustan hefur tekið reikandi afstöðu og hallast þo frekar a sveif með VSI sem fordæmir þessa barattuaðferð sem ológlega.

Framhald á blaðsíðu 3

Beitum skæruverkföllum

Miðvikudaginn 25. mai var haldinn að Hallveigarstöðum fundur a vegum Opins Huss þar sem rætt var um stöðu samninganna, framtiðarhorfur og barattuaðferðir i kjaradeilunni. Fulltrúar úr samninganefnd ASÍ satu fyrir svörum og mæddi mjög a Aðalheiði Bjarnfreðsdottur, því eftir að Baldur Oskarsson hafði flutt agæta tölu um nauðsyn þess að lagt verði ut i skæruverkföll svaraði hun því til að ASÍ-foringjarnir hefðu ekki einu sinni rætt um skæruverkföllin og hun personulega væri a moti þeim því þeim væri svo erfitt að beita og "það yrði að beita þeim þar sem þau kæmu verst niður a atvinnurekendum". Í ljos kom að fundarmenn voru almennt osammala barattuaðferðum ASÍ-forystunnar og vildu leggja ut i miskunnarlaus skæruverkföll sem hefði synt sig að koma alvarlega við kaunin a atvinnurekendum. Lögð var áhersla a að se verkalyðurinn ekki skipulagður til barattu a vinnustöðum og i verkalyðsfelögunum stendur verkalyðsforystan einangruð og mattlitil hversu mikill vilji sem fyrir hendi er. En það er einmitt fjöldabaratta verkalyðsins a grundvelli stettabarattunnar sem forystumenn ASÍ og atvinnurekendur ottast. Því er ekki nema von að þeir hafi ekkert samband við þa barattufusu verkamenn sem stoðu að skæruverkföllunum og standi heldur gegn þeim. Þeir bera fyrir sig að skæruverkföllin seu ológleg en það er ekki astæðan fyrir því að þeir vilja ekki að þeim se beitt, því vel er kunn su barattuaðferð að semja ekki fyrr en atvinnurekendur hafa fallið fra malsokn og kröfum a hendur verkalyðsfelögunum hafi þau brotið gegn hinni borgaralegu löggjör a einn eða annan hatt. Nei, astæðan er að ASÍ forystan er uppkeypt og er þess vegna einn sa dragbitur sem verkalyðurinn þarf að losa sig við svo arangur naist i stettabarattunni. Jon Kjartansson formaður verkalyðsfelagsins i Vestmannaeyjum skyrði fra því að þar gefur felagið reglulega ut blað þar sem skyrt er fra gangi mala, auk þess er i Eyjum Opið hus daglega fyrir verkafolk. Hann telur skæruverkföll mögulega barattuaðferð og sagði fra arangursriku yfirvinnubanni sem hafnarverkamenn i Eyjum settu a Eimskipafelagsskipin en það stoð i 8 manuði. Í lok fundarins var borin upp mikilsverð tillaga um að skora a forystumenn verkalyðsfelaga um allt land að halda felagsfundi til að ræða barattumalin og barattuaðferðirnar. Tillagan var samþykkt samhljoða.

Sjómenn hreinsum til í S.R.



Ræða Kristjáns Kristjánssonar á 1. mai

Á undanförnum mánuðum og árum hafa hagfræðingar þeir sem starfa hja svonefndri Þjoðhagsstofnun, verið ósköp iðnir við að telja folki tru um að sjomenn a fiskiskipum seu tekjuhærri en flestir aðrir islendingar og hafa i því sambandi fengið dyggan stuðning fra hægri pressunni við þetta starf sitt. Ekki veit eg hvaða reikningskunstum þessir hamenntuðu herrar hafa beitt til þess að fa ut þessar utkomur en eitt vitum við þo sem eitthvað höfum komið nalægt sjomennsku, og það er að eftirtekjan hefur verið ryr hja þeir sem hætt hafa ser ut a netaveiðar undanfarin ar, enda var vertiðin 1976 ein su lelegasta sem um getur i manna minnum. Og það sem verra er, vertiðin i ar virðist ætla að verða enn lelegri hvað snertir aflabrögð, þratt fyrir mjög gott tiðarfar og væntanlega verða launin i samræmi við það.

En Morgunblaðsritstjorarnir og fylgifiskar þeirra eru þo ætið samir við sig og ekki vantar rosafyrirsagnirnar hja þeim um það hvað aflahluturinn var har hja þessu og þessu skipi eftir svo og svo marga daga eða jafnvel klukkutima.

En ur því að tekjur islenskra fiskimanna eru svo gifurlegu haar eftir því sem hægri pressan heldur fram, ætti i raun og veru að vera slegist um hvert það plass sem losnaði um borð i islenskum fiskiskipum, því auðvitað vilja flestir græða sem mesta peningana a sem stystum tima.

En það er nu öðru nær. Þratt fyrir þessar gifurlegu tekjur sem hægri blöðin eru si og æ að tala um, er astandið samt þannig að viða a batautgerð frekar i erfiðleikum vegna manneklu heldur en lelegs afla. Þeir sem ekki trua þessari staðhæfingu minni ættu að fylgjast með atvinnuauglysingum i fjölmiðlum i nokkra daga og þa komast þeir hinir sömu vafalaust að sömu niðurstöðu. Ja, eða þa að raða sig a netabat eins og eina vertið.

En astæða þessara vandræða útgerðarinnar liggur þo ljos fyrir Og því er það sem eg spyr ykkur lesendur goðir: Mynduð þið kæra ykkur um það að velkjast um borð i einhverjum netabat i hvaða veðri sem er, i agjöf og kulda oft a tiðum, draga steindauðar netatrossur, vinna 12 til 18 tima a dag, sex til sjö daga i viku og hafa þannig oft aðeins rumlega 100.000 kronur a manuði og geta þannig komist niður i 200 krona timakaup til jafnaðar, eiga það stundum a hættu að fa ekki einu sinni launin ykkar greidd og þurfa svo jafnvel að buast við því að börnin ykkar þekki ykkur varla þa sjaldan sem þið eruð heima hja ykkur? Eg efast um að þið viljið þetta, en þetta er það sem allt of margir sjomenn þurfa að bua við i dag. Og ekki segir Morgunblaðið fra þessum mönnum. Og astæðan er ekki alltaf aflaleysið.

Sumir forystumenn stéttarfélaga sjómanna hafa lengi unnið að því leynt og ljost að ala a sundrungu og innbyrðis oanægju meðal sjomanna með goðum arangri oft a tiðum, enda vita þessir menn vel að a meðan sundrungin er fyrir hendi er litil hætta a því að þeim verði sparkað ur finu stolunum sinum að Lindargötu 9.

Frægt er orðið dæmið um Sjómannafélag Reykjavíkur þegar þar þurfti að fresta aðalfundi i tvigang vegna þess að togaraverkfall stoð yfir og því allt of margir sjomenn i landi. Svo kvarta stjornarmenn i felaginu hastöfum opinberlega yfir lelegri mætingu a fundum felagsins.

En með setningu bráðabirgðalaganna 6. september siðastliðinn. þar sem sjomenn voru skikkaðir til að vinna a kjörum sem þeir sættu sig ekki við, opnuðust augu margra yfir oheilindum þessara ihaldsseggja, og þa ekki sist eftir að Petur Sigurðsson gervisjomaður og ihaldsþingmaður og hans legatar opinberuðu hundslega tryggð sina við auðvaldið og þa sem því fylgja að malum. Varð þetta meðal annars til þess að sjomenn afneituðu Petri og felögum hans a siðasta Sjomannasambandsþingi i vetur sem leið og völdu ser þess i stað menn sem vita hvað sjomennska er og fyrir hverju a að berjast.

En það er ekki nog. Eitt stærsta stettarfelag sjómann, Sjómannafelag Reykjavikur er enn i höndum þeirra manna sem lata sjonarmið Sjalfstæðisflokksins og Matthiasar Bjarnasonar boksala fra Isafirði raða gerðum sinum i einu og öllu, i trassi

Framhald á blaðsíðu 3

LEIÐARI

Stefna flokksins í fjöldastarfinu

Hver er meginstefna flokksins í fjöldastarfinu?
Í fyrsta lagi að sameina alla þa sem hægt er að sameina gegn ovininum, að einangra og afhjupa afturhaldsmenninna en fylkja fjöldanum saman um stefnumið kommunista.
Innan verkalyðsfelaganna verðum við að skipuleggja þa andstöðu, sem þegar er fyrir hendi og veita henni retta leiðsögn. Við getum ekki skipað fyrir eða gert okkur að sjalfskipuðum forystumönnum fyrir barattunni. Frammistaða kommunista i barattunni, skipulagshæfileikar þeirra og marksækni er það sem gerir okkur kleyft að veita forystu. Og a sama hatt verður leiðsögn okkar hafnað, ef hun er ekki byggð a raunverulegum hagsmunum fjöldans. Okkur ber nauðsyn til að skipuleggja lika þa, sem ekki eru kommunistar eða vinstri-menn. Þess vegna verðum við annars vegar að reka öflugan aroður fyrir aukinni þatttöku almennra felaga i akvörðunartekt og starfi verkalyðsfelaganna. Hins vegar verðum við að safna þeim sem þegar eru i andstöðu innan felaganna til skipulagðrar barattu gegn svikum og undanslætti foringjanna.
Innan andheimsvaldahreyfingarinnar verðum við að auka þatttöku okkar i grunneiningunum, jafnhliða því sem við beitum ahrifum okkar eins og unnt er innan leiðandi eininga. Við yerðum að læra að starfa betur með hinum almenna felagsmanni i Samtökum Herstöðvaandstæðinga, i hvaða flokki sem hann er. Á hinn boginn verðum við að standa gegn tilraunum Alþyðubandalagsins til að sveigja Samtökin algerlega undir þingræðishagsmuni sina og i þvi starfi ber okkur nauðsyn til að sameina þa sem eru okkur sammala i þeim efnum.
Í öðru lagi einkennist meginstefna flokksins af trausti a fjöldanum og barattu fyrir hagsmunum hans.
Þess vegna hafnar flokkurinn þeim vigorðum og afstöðu, sem ekki taka tillit til hagsmuna fjöldans en endurspegla uppgjafarstefnu og eiginhagsmunasjonarmið svikulla foringja. Við aðhyllumst barattuna fyrir þvi að dagvinnulaunin nægi til framfæris og að vinnudagurinn verði styttur. Við styðjum serhverja kjarabot og serhverja framför, sem verður a lifskjörum og aðstöðu verkafolks. En við höfnum samstöðu með ASÍ-forystunni, vegna þess að ASÍ-forystan setur fram kröfur sinar og vigorð gegn hagsmunum og vilja verkalyðsins, en ekki i þagu hans. Í andheimsvaldabarattunni styðjum við sömuleiðis vigorðin "Ísland ur NATO - herinn burt" og "fjöldabaratta i stað þingræðisbarattu", þvert gegn vilja krataforingjanna sem helst af öllu vilja slita sundur barattuna gegn NATO og hernum og notfæra ser barattu fjöldans til að styrkja aðstöðu sina a þingi. Við berjumst lika gegn sosialheimsvaldastefnu Sovetrikjanna, sem krataforingjarnir vilja helst ekki heyra minnst a.
Í þriðja lagi einkennist fjöldastarf flokksins af því, að marxistar-leninistar hafa visindalega afstöðu til þrounar þjoðfelagsins og heimsastandsins. Þess vegna er allt starf flokksins leitt af marxismanum-leninismanum og stendur i þjonustu verkalyðsins. Fræðileg þekking og skilningur a eðli þjoðfelagsins veitir kommunistunum styrk til að leysa ur viðfangsefnunum og einmitt þess vegna er nauðsynlegt fyrir okkur að læra að beita þekkingunni i byltingarsinnuðu starfi i þagu verkalyðsfjöldans.

30/5 1977

HVERNIG KEMST ÞÚ Í SAMBAND VIÐ KOMMÚNISTAFLOKK ÍSLANDS/ML?

Miðstjorn og ritstjorn Stettabarattunnar: simi 27810 og posthólf 1357, 121 R. einnig i Rauðu Stjörnunni bokabuð, Lindargötu 15 opin manud. til föstud. kl. 15:00 - 18:30.

Snæfellsnes: Sigfús Almarsson Hellisbraut 10, Hellissandi.
Ísafjörður: Kristinn Karlsson Fjarðastræti 7.
Neskaupsstaður: Messiana Tomasdottir, Þiljuvöllum 38.
Suðurnes: Einar Jonsson Solvallagötu 40c, Keflavík.

Hvað er heimsvaldastefna Annar hluti

Er til íslensk heimsvaldastefna?

Í fyrsta hluta greinarinnar eru almenn einkenni heimsvaldastefnunnar útskýrð. En eiga þessi einkenni við um Ísland? Er hægt að tala um að Ísland sé heimsvaldaland og að þar af leiðandi sé til íslensk heimsvaldastefna? Ýmsir einblína á pólitísku hliðina., þ. e. a. s. skiptingu heimsins í pólitísk áhrifasvæði eða nýlendur, sem er aðeins eitt af 5 megineinkennum heimsvaldastefnunnar, og telja að það eitt að eiga nýlendur eða pólitísk áhrifasvæði sé heimsvaldastefna. Ekkert annað sé heimsvladastefna. Það er ljóst að Ísland verður ekki talið til þeirra landa sem eiga pólitísk áhrifasvæði. Hér á eftir verður sýnt fram á að hin atríðin 4 eiga við um Ísland. En því er eðlileg að telja Ísland ungt og upprennandi heimsvaldaland sem hefur áhuga á því að ná einhvers staðar pólitískum ítökum.

SAMÞJÖPPUN OG EINOKUN Á ÍSLANDI.

Einokunin hefst venjulega fyrst og er viðtækust ú undirstöðuiðnaði þjóðfélagsins. Fljótlega upp úr aldamótum uxu nokkur fyrirtæki yfir höfuð fjöldans og öðluðust einokunaraðstöðu, svosem Alliance h/f og Kveldúlfur og átti Thor Jensen þau bæði.

Árið 1932 var stofnað Sölusamband íslenskra fiskframleiðanda (SÍF) sem 3árum seinna fékk einkaleyfi á því að flytja út saltfisk.

Á undanförnum árum hefur samþjöppun og samruni átt sér stað í ríkum mæli hér á Íslandi. Glöggt dæmi er samruni Flugfélags Íslands og Loftleiða fyrir fáum árum. Hið nýja fyrirtæki keypti fljótlega Hótel Esju til viðbótar við Hótel Loftleiðir., þannig að Flugleiðir ráða yfir meirihluta hótelplássa í Reykjavík. Eimskip, starf vík. Eimskip stærsta skipafélagið, er stærsti hluthafinn í Flugleiðum og ferðaskrifstofunni Úrval er sameignarfyrirtæki Flugleiða og Eimskips. Flugleiðir hafa yfirtekið litil flugfélög, svosem Norðurleiðir, sem nú nefnist Flugfélag Norðurlands.

Umsvif SH:

Helstu tegundir sjávarafurða sem fluttar eru út af íslensku borgurunum eru saltfiskur, frystur fiskur, fisk-og síldarmjöl, skreið og saltsíld. Eins og sjá má af eftirfarandi töflu hefur hraðfrystur fiskur tekið sæti saltfisksins og er í dag langmikilvægasta útflutningsvaran: Söluverðmæti sjávarafurða 1961 í þúsundum:

Ísvarinn og hraðfrystur fiskur. . . .1067445
Saltaður fiskur. . .435764
Heildarverðmæti. . .2810582.

Þessi þróun endurspeglar þróun einokunarinnar í sjávarutveginum, framleiðsla hraðfrysts fisks er einokuð af Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna (um 70%)og Sjávarafurðadeild SÍS (um 24%). Um 5% af heildarframleiðslunni var framleitt í hraðfrystihúsum sem stóðu utan við samsteypurnar. Nýlega hefur útflutningsleyfið verið tekið af þeim, þannig að þau neiðast til að ganga inn í SH.

SH hefur lýst því yfir með stolti, að hún sé "heimsins stærst samtök sinnar tegundar"(Iceland Review 2. tbl. 1963, 34, bls.)

Aðalkeppinautar SH eru norskir og kanadískir einokunarhringir, Bandaríkjamarkaður er miki vægasti markaðurinn fyrir hraðfrystan fisk, en SH er einn af þremur söluhæstu aðilum þar (sjá töflu 1.

Umsvif SÍS.

Samband íslenskra samvinnufélaga spannar yfir flest svið framleiðslu og verslunar. Sjávarafurðardeild SÍS á tvær verksmiðjur erlendis (Bandaríkin og England) og á að auki geysivíðtækt dreifingarkerfi í Bandaríkjunum. þ. á. m. 40 frysti trukka. SÍS á um 35 hraðfrystihús og selur fyrir u. þ. b. 15-20 fiskmjölsframleiðendur. Sjávarafurðadeildin selur einnig (til útflutnings) skreið (35,8% 1969), rækjur og humar(46,4% 1969), lax, lýsi og hrogn. Nýlega er SÍS, í samvinnu við SH farið að selja frysta loðnu til Japans.

Í landbúnaði ræður SÍD
Í landbúnaði ræður SÍS næstum öllu framleiðsluferlinu og verslun með landbúnaðarvörur er að mestu leiti í þeirra höndum. (sjá töflu 2.)

BANKARNIR:

Einn snarasti þátturinn í breytingu auðvaldsins yfir á stig heimsvaldastefnunnar, er þróun bankanna yfir í hóp einokara, sem í raun ráða öllu fjármagni í atvinnulífinu.

Auk hinnar stóru ríkisbanka eru til fjöldi sparisjóða og minni banka. En Landsbankinn ber ægishjálm yfir alla hina bankana til samans og hefur yfirráð yfir jafnmiklu fjármagni og allir hinir bankarnir til samnans
samans.

Landsbankinn hefur því raunverulega einokunaraðstöðu í atvinnulífinu og hann hefur eftirlit með flestum stærstu fyrirtækjum, hringum og samsteypum í iðnaðinum og einkum þá fiskiðnaðinum. En Útvegsbankinn hefur einnig sterka stöðu í útveginum, sem nærst stærsti banki landsins, en 42% af lánum hans fer til sjávarútvegsins eins Eftirfarandi tafla gefur hugmynd um eunokunaraðstöðu Landsbankans og Útvegsbankans miðað við aðra banka:

Skipting útlána viðskiptabankanna í árslok 1962, talið í millj. kr.

Landsbankinn	2272,6
Útvegsbankinn	1005,8
Búnaðarbankinn	503,1,
Iðnaðarbankinn	189,9
Verslunarbankinn	272,1
Aðrir	332,6
	4603,1

(Úr þjóðarbúskapnum eftir Ólaf Björnsson, bls, 373).

Þó að þrír stærstu bankarnir séu ríkisbankar bretyir
séu ríkisbankar breytir það þó engu um einokunarhlutverk. þeirra og samruna iðnaðarauðmagnsins við bankaauðmagnið í stjórnum og ráðum ríkisbankanna sitja einokunarkapítalistar ir oft sjálfir eða að tengsl þeirr eru gegnum fulltrúa oftast launaða ríkisstarfsmenn svo sem alþingismenn eða ráðna hagfræðinga. Sem dæmi um hvorutveggja má nefna fyrrverandi bankastjóra Landsbankans, Pétur Benidiktsson, (sem einnig sat í stjórn saltfiskshringsins), en bróðir hans, Sveinn Benidikts son er formaður Síldarútvegsnefndar og situr í skuttogaranefnd. Þannig var einnig Vilhjálmur Þór bankastjóri Seðlabankans, en hann stofnaði Olíufélagið hf. (í eigu SÍS), var stjórandi KEA og sat í stjórn SÍS. Sveinn Valfells, eigandi 20. fyrirtækja á sæti í stjórn Iðnaðarbankans.

Hér birtist það sem kalla má persónulegt samband milli auðvaldsfyrirtækjanna og ríkisbankanna.

VÖRUÚTFLUTNINGUR OG FJÁRMAGNSÚTFLUTNINGUR

Fjármagnsútflutningur byrjaði snemma m. a. átti Kveldúlfur dótturfyrirtæki á Ítalíu á Mússolíni tímanum. Seinnitíma dæmi eru fjárfesting SH og SÍS í Bandaríkjunum og kaup Loftleiða á hóteli og flugféli Luxemburg (Cargolux) ásamt kaupum á Air Bahamas.

Verksmiðja SÍS í Bandaríkjunum var byggð 1966 og hefur vaxið um 300% síðan þá. Hefur því þróunin verið mjög hraðstíg núna á allra síðustu árum eins og dæmin með SÍS og Loftleiðir sína.

EFNAHAGSLEG YFIRRÁÐ ERLENDIS.

Enn eru þau nú ekki mikil. Þó má nefna veruleg ítök Loftleiða í Luxemburg og eignahaldið á flugfélagi Bahamaeyja, Air Bahamas. Einnig ráða Íslendingar yfir verulegum hluta fisk markaðar í Bandaríkjunum og í gildi er samkomulag milli japanskra auðhringa annars vegar og SÍS og SH hins vegar um að keppa ekki með sömu fisktegundir á Bandaríkjamarkaði.

(Þessi hluti er byggður á grein í Rauða Fánanum, 1-2tbl 1973.)

TAFLA 1 : UMSVIF SH.

Ársframleiðsla: 60-70þús tonn fiskblokka og heilfrysts fisks. (Árleg framleiðsla einstakra hraðfrystihúsa er misjöfn. Hin minni framleiða nokkur hundruð tonn, en í hinum stærri getur framleiðslan orðið allt að fimm til sex þus. tonn

Undirfyrirtæki SH:

Jöklar h/f (frystiskip).
Tryggingamiðstöðin (tryggir flest sem viðkemur sjávarutvegi)
Innflutningsmiðstöðin (flytur inn flest sem viðkemur fiskvinnslu, m. a. pappír, karton, sellos filmur, stalbindingar, þrystikuta, diselvelar, einangrunarefni o. fl.).
Umbuðamiðstöðin (framleiðir umbúðir um fiskinn)

Fyrirtæki SH erlendis eru:

Coldwater Seafood Corp. í USA (tvær fiskréttaverksmiðjur. Fish and Chips barir og hluti í kjörbuðakeðju)
Snax (Ross) Ltd í Englandi (á 24 Fish and Chips bari í London).

Á vegum fyrirtækja innan SH vinna um 10 þúsund manns.

TAFLA 2 : HLUTUR SÍS Í LANDBÚNAÐI OG VERSLUN.

SÍS flytur út m. a: (tölur frá 1969)

Mjólkurafurðir	100 %
Kjöt	100 %
Gærur	77,7 %
Lifandi hestar	67,8 %
Ullarteppi	93,2 %
Prjonavörur	81,8 %
Skinn	35,4 %

Af öðrum útflutningi en fisk flytja SÍS fyrirtækin ut 52 %

SÍS flytur inn m. a :

Gripafóður	60,9 %
Rugmjöl	46,7 %
Hveiti	32,6 %
Kaffi	30,8 %
Sykur	31,5 %

SÍS á 17,3 % farmskipaflotans

Undirfyrirtæki SÍS eru :

Samvinnubankinn
Samvinnutryggingar og Andvaka (stærsta tryggingarfelagið)
Olíufelagið h/f. (ESSO, stærsta olíufélagið)
Drattarvelar h/f
Osta og Smjörsalan (einokar útflutning osta og smjörs, ræður 75 % innanlandsmarkaðarins.)
Regin (á í Íslenskum Aðalverktökum).
SÍS a 20 % i Áburðarverksmiðjunni.

Norður Atlantshafið: lykillinn að Evrópu í 3. heimsstyrjöldinni

Því fleiri öryggisráðstefnur sem haldnar eru, eins og i Helsinki 1975 og su i Beograd i sumar, þeim mun hraðar eykst vigbunaðarkapphlaupið. Vopnabirgðir risaveldanna hafa aldrei verið stærri. Heræfingar þeirra hafa heldur aldrei verið svo margar og umsvifamiklar. Er það astæðulaus hræðsla að halda þvi fram að Sovet og USA seu að æfa sig fyrir raunverulega heimstyrjöld? Hvaða tilgangi öðrum þjonar allur þessi vigbunaður?

Kapphlaupið milli risaveldanna, efnahagslegt, politiskt eða hernaðarlegt, a ser stað alls staðar a jarðkringlunni. Miðpunktur samkeppninnar er Evropa. Heimsyfirrað eru hað eftirliti með þessum heimshluta, þeim hluta þar sem iðnaðarframleiðsla, tækni, markaðir og groðamöguleikar eru mestir. N-Atlantshafið er lykillinn að þvi að na Evropu a sitt vald. Heræfingar eins og OKEAN 75 og TEAMWORK 76 syna það greinilega. I þessum skurðpunkti, skotlinu milli risaveldanna liggja Noregur og Ísland. Sovetrikin eru það risaveldið sem er arasargjarnara i dag og þess vegna liklegri til að hefja striðið. A sama hatt og Hitler fyrir siðustu heimsyrjöld hefur Bresnev ennþa ekki beðið neinn hernaðarlegan osigur. Aður fyrr voru Sovetrikin langt a eftir USA a hernaðarlega sviðinu. Nu hafa þau skotist framur.

Fram að 1960 höfðu Sovetrikin aðeins yfir að raða litlum varnarflota. En i dag eru sovesk flugmóðurskip a öllum heimshöfum. Slik flotauppbygging gefur greinilega til kynna eðli hins soveska hernaðarveldis. Fram að 1960 attu sovetmenn ekki kjarnaeldflaugar, 1966 höfðu þeir 420 stykki, 10 arum siðar 2300.

Fjöldi hermanna Varsjárbandalagsins eykst stöðugt.

Þó svo að USA og NATO telji sig enn standa jafnfætis sovesku striðsvelinni er þar ein mikilvæg undantekning a N-Atlantshafi og N-hluta Evropu. I nagrenni Murmansk hafa Sovetrikin stærstu flotastöð i heimi. A Kolaskaga eru 100 þus. hermenn undir vopnum og þar eru sömuleiðis 3-400 orustuþotur og landgönguliðaherdeildir.

Þannig æfa risaveldin.

Breytingar a styrkleikahlutföllum komu greinilega i ljos meðan a OKEAN 75 og TEAMWORK heræfingunum stoð.

OKEAN æfingin sem Sovét og Varsjarbandalagið stoðu fyrir naði yfir allan hnöttinn. Hun einkenndist af mikilli nakvæmni Serstaklega er það mikilvægt hvernig þeir girtu af Noreg og i raun Evropu i heild.

-Herskip sem sigldu frá Murmansk lokuðu Barentshafið og N-Atlantshafið af með því að staðsetja flotaeiningar a mikilvægum stöðum (Sja a kortinu).
-Skip ur Eystrasaltsflotanum sigldu ut Eyrarsund og lokuðu Skagerak og Norðursjonum. Skip ur þessum flota heldu svo afram upp eftir meðfram strönd Noregs.
-Floti frá Svartahafinu sigldi út gegnum Bosporussund, afram gegnum Miðjarðarhafið og ut a Atlantshafið þar sem hann girti af hafsvæðið frá suðri og suðvestri. Þannig hindrar hann bandariska flotann i að komast til V-Evropu langt uti a reginhafi.

-Þessi algera "girðing" á hafinu umhverfis Evropu var svo studd af flugherdeildum.
-Gifurlega stór landher marseraði a sama tima i att að Mið-Evropu.
-Á Kolaskaga æfðu soveskir land gönguliðar innras í Noreg.

Svar NATO var TEAMWORK-hluti æfingarinnar "Autumn Forge" i september 1976. Yfir 250.000 manns, 400 flugvelar og 1500 skip toku þatt i þessari stærstu NATO æfingu sem hingað til hefur verið haldin.
-Mikilvæg breyting varð á æfingaraætluninni miðað við fyrri æfingar. Flotinn að vestan for ekki upp eftir N-Noregi heldur aðeins mots við Þrandheim. Natoaætlanirnar reikna sem sagt með því að Noregur tapist i hendur sosialheimsvaldastefnunnar. Þetta staðfestir breytingar styrkleikahlutfalla. Andsvar NATO við þessum breytingum er að byggja meira upp a kjarnorku vopnum.

HERSTYRKUR SOVÉTRÍKJANNA I EVROPU:

Orustuþotur: 7766.
Storir og miðlungsstorir skriðdrekar: 55.750.
Stærri herskip (með njósna og aðstoðarskipum sem sigla um höfin): 221
Kafbatar alls: 239 (155 venjulegir, 84 með kjarnorkuvopn)
Herstyrkur: 3.650.000 manns.
Kjarnaeldflaugar sem miðað er a akveðin skotmörk: 2382 -til að skjota fra landi 1527 (voru árið 1966, 292) -til að skjota frá kafbatum: 845 (Voru árið 1966, 107.)

Tölurnar innan sviganna sýna greinilega hversu hratt Sovetrikin hafa þroast a þessu sviði samanborið við USA.

Aðalherstyrkur Varsjárbandalagsins er staðsettur i A-Þyskalandi. Þar hafa Sovétrikin 31 herdeild, allar fullbunar. Nokkrar herdeildir eru i Ungverjalandi og Tekkoslovakiu. I evropska hluta Sovetrikjanna eru 64 herdeildir. Nalægt hundrað af 170 herstöðvum Sovetrikjanna eru í Evropu.

HERSTYRKUR USA OG NATO:

Orustuþotur: 7600.
Skriðdrekar. 21850.
Stærri herskip: 284.
Kafbatar alls: 236. (142 venjulegir, 74 með kjarnorkuvopn).
Herstyrkur: 2.664.000 manns.
Kjarnaeldflaugar sem miðað er a akveðin skotmörk: 1710 -til að skjota fra landi: 1054 (voru 904, 1966) -til að skjota fra kafbatum: 656 (voru 656, 1966)

USA hefur stöðugt í Evrópu u.þ.b. 200 þus. manna liðsafla. Af honum eru 195 þus. staðsettir i V-Þyskalandi og V-Berlín. Bretland, Frakkland og Holland hafa einnig hermenn í V-Þyskalandi. USA hefur einnig 592 þus. manna varaher i Bandarikjunum sem er innifalinn í heildartölunni.

Stærsti hlutinn af hernum auk skriðdreka og flugvela er saman safnaður i V-Þyskalandi. Auk þess hefur USA staðsett margar flugvela sinna í Alaska og nokkrar a Spani (sem er ekki i NATO).

Annar floti USA sem er sá stærsti og er u.þ.b 1/3 alls flota þeirra liggur uti a norðvestur Atlantshafi. Það var sá floti sem notaður var í TEAMWORK-æfingunni.

Sjötti floti USA er á Miðjarðar hafinu og hefur Napoli sem aðalhöfn.

Í allt eru um 90 stærri herskip í þessum tveimur flotum. Afgangurinn af bandariska flotanum er á Kyrrahafinu.



Risaveldin hafa hvort um sig gert áætlanir um á hvern hatt "orrustan um Evropu" a að fara fram. Her að ofan er synishorn af þessum aætlunum um stri ð i Evropu.

Ræða Kristjáns

Framhald af forsíðu:

við vilja meirihlutans í félaginu. Því þurfa sjomenn að skipuleggja sig og það strax og linna ekki latum fyrr en buið er að sparka þessu leiguþyi auðvaldsins og LIU ut i ystu myrkur.

Mig langar aðeins til að minnast litillega a braðabirgðalögin fra 6. sept. siðastliðnum. Þa skeði það að Matthias Bjarnason, boksali og raðherra, let setja lög um kaup og kjör sjomanna a fiskiskipum væntanlega i því skyni að koma i veg fyrir verkföll. Lög þessi eru að því leyti einsdæmi i islenskri stjornmalasögu, að þau voru sett an þess að verkfall væri i gangi eða til þess hafi verið boðað, og þau syndu það berlega hve rikisvaldið er andvigt islenskum verkalyð.

Orsakir til þessa var að einhverju leyti sjoðakerfisbreytingin. I mörg ar hafði sjoðakerfisofreskjan vaxið og avallt þannig að gengið var a hlut sjomanna með lögum i hvert skipti sem einhver nyr sjoður var stofnaður eða aukið við þa sjoði sem fyrir voru. Svo þegar hluta sjoðakerfisins var aflett áttu sjomenn að samþykkja með fusum vilja það sem aður hafði verið af þeim tekið með lögum. Þessu höfnuðu þeir að sjalfsögðu. Þa greip auðvaldið með Matthias i broddi fylkingar til þess raðs að brjota á stjornarskranni til þess að hegna sjomönnum fyrir að vilja ekki vera þriðja flokks þegnar i þessu landi. Þannig er nu virðing þessarra auðvaldsvesalinga fyrir stjornarskra lyðveldisins Islands.

Þessu mótmæltu sjomenn meðal annars með söfnun undirskrifta þar sem skorað var a Alþingi að afletta þessum ólögum. Þratt fyrir frekar illa skipulagða undirskriftasöfnun og algjörlega fjarmagnslausa tokst að na yfir 12500 undirskriftum a stuttum tima.

Malið var tekið upp a Alþingi ... og svæft...

Þann 15. mai næstkomandi munu þessi braðabirgðalög renna ut... OG ÞÁ riður a miklu að sjomannastettin stand saman. Þetta þykjast þeir skilja sem með þessi mal fara enda er buið að sopa versta skitnum ut ur Sjomannasambandinu og því er það i fyrsta sinn um aratugaskeið sem að sjomannasamtökin, Sjomannasamband Islands og Farmanna- og fiskimannasamband Íslands hyggjast ganga sameinuð til samningaviðræðna og er það vel.

Þa eins og reyndar alltaf er það hlutverk sjomanna, hinna almennu felaga i stettarfelögum sjomanna að sja til þess að þessir piltar semji ekki af ser. Það hefur skeð aður og mun ske aftur ef við veitum þeim ekki það aðhald sem til þarf.

Skipuleggjum baráttuna

framhald af forsíðu

Það er því engin furða að verkafolki finnst það hafa beðið vissan osigur i tilraunum sinum til að þvinga atvinnurekendur til samninga. Margir trua því jafnvel að það hafi einhverja mikilvæga merkingu þegar atvinnurekendur koma fram með fullyrðingar um að þessar aðgerðir hafi verið ólöglegar. Allsherjarverkfallið sem ASÍ hefur boðað 3 juní er líka einskonar þegjandi samkomulag milli ASÍ og VSÍ að skæruverkföllin hafi verið mistök. En er það svo, er það ekki heldur hitt að ASÍ forustan hefur rett einu sinni sint að hunguggnar við minnsta andbyr fra VSÍ? Ef farið væri að ræða það i fullri alvöru hvað er löglegt og hvað ólöglegt i þessum malum, kæmi þa ekki ymislegt einkennilegt i ljos? Eru til dæmis skattsvik lögleg? Nei, en þau eru samt stunduð af atvinnurekendum i storum stil. Er það löglegt að svíkja ut fé ur opinberum sjoðum eða bönkum eða að stunda a annan hatt einkabrask með almenningsfe? Auðvitað er þetta ekki samkvæmt laganna hljoðan, en er samt latið viðgangast. Eða er það löglegt að lækka laun verkalyðsins svo mikið að jafnvel þeir sem hæst launaðir eru eiga enga möguleika a að lifa af dagvinnunni einni saman? Í lögum um "40 stunda vinnuviku fra 24. des. 1971" segir eftirfarandi: 2. grein. Í hverri viku skulu ekki vera fleiri en 40 dagvinnutimar, ... Heimilt er að semja um skemmri vinnuviku". Af þessu er hægt að sja að það hlytur að vera ológlegt að greiða lægri laun i dagvinnu, en sem nægja til framfærslu. Þeir sem eru því hinir raunverulegu lögbrjotar eru atvinnurekendur og rikisvald þeirra. Það sem verkafolk er að gera með skæruverkföllum er að reyna að retta sinn hlut gagnvart þeim kjaraskerðingum og arðrani sem fram fer i þjóðfelaginu.

Allsherjarverkföllin 3. juni.

Þratt fyrir að allsherjarverkföllin sem hefjast eiga a stor-Reykjavikursvæðinu 3. juni takni vissa eftirgjöf, mætti nota tækifærið til að safna kröftunum aftur saman til frekari aðgerða. Ef ASÍ forustan og aðrir verkalyðsforingjar hefðu einhvern ahuga a að efla barattuna lægi beint við að halda fundi i verkalyðsfelögunum. Fundina mætti halda a þeim stöðum sem verkfallið stæði hverju sinni. A þessum fundum er nauðsynlegt að ræða stöðuna i samningunum og hvernig skuli standa að framhaldi barattunar. A þessum fundum væri hægt að ræða og undirbua frekari aðgerðir, svo sem utifundi, kröfugöngur, auk aframhaldandi skæruverkfalla. Ef verkalyðsforustan hefur minnsta ahuga til að efla barattuna yrði þetta tækifæri notað. En verkafolk getur ekki beðið eftir að verkalyðsforystan eigi frumkvæðið að þeim aðgerðum sem nauðsynlegar eru. Það verður að krefjast þess að fundir verði haldnir nu þegar með undirskriftum eða a annan hatt. Það ma ekki lata atvinnurekendur hræða okkur fra að nota það vopn sem arangursrikast hefur reynst erlendis, það er skæruverkföllin. Það er aðeins ein leið fær ef bæta a kjörin og nalgast þau kjör sem stettabræður okkar bua við annarstaðar a Norðurlöndum. Til þess að na arangri verðum við að beita svipuðum aðgerðum og þeir nota. A hverjum vinnustað verðum við að stofna verkfallsnefndir sem skipuleggja barattuna i samraði við verkfallsnefndir a öðrum vinnustöðum. Með slikri skipulagningu mætti buast við arangri. Aðeins ef verkafolkið sjalft hefur frumkvæðið i virkri barattu, verður hægt að gera 40. st. vinnuviku að raunveruleika.

USA.

Samkvæmt opinberri skýrslu í Ameriku i dag, er það algengt að konur i minnihlutahopum seu latnar gera sig ófrjoar. Rannsokn sem gerð var, syndi að 3.400 indianskar konur voru gerðar ofrjoar, annaðhvort þvert gegn vilja sinum eða þa an þess að þær hefðu hugmynd um það. Þetta er liklega aðeins yfirborðið a storum isjaka. Því rannsokn hefur aðeins verið framkvæmd a örfaum stöðum. Hið opinbera reynir að verja þetta með því að fullyrða að ofrjosemi indiana og annara minnihlutahopa se nauðsynleg til að berjast gegn fatækt. Einnig, eru svertingjar, chicanoar, puerto-ricanar og konur ur verkalyðsstett orðin varnarlaus fyrir þess konar yfirgangi skrifar Ameríska blaðið The Call.



Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



Útg: Kommúnistaflokkur Íslands m-l.
20. tbl. 6. árg. 31/5. 1977

STÉTTABARÁTTAN
-kemur út vikulega-
Sími: 27810.
Gíró: 27810-6.

Ábyrgðarm.: Sigurður
Ingi Andrésson.

Sigurður Jón Ólafsson
Möðrufelli 15
R.

Sjómannadagur baráttudagur

Fyrsti sunnudagurinn í júní hefur um langan aldur verið dagur sjómanna. Þá koma sjómenn saman, ræða málin og samgleðjast. Fáir munu þó gleðjast yfir afrakstri vetrarvertíðar 1977 nema þá helst þeir sem voru á aflahæstu loðnuskipunum. Það er samdóma álit allra sjómanna að nú sé kominn tími til að við naum því aftur sem af okkur hefur verið tekið undanfarin ár, nú sé tími sóknar.

En hvaða leiðir eru okkur færar til að knýja fram bætt kjör? Verkfallsvopnið er sú eina leið sem til þessa hefur leitt til einhvers árangurs. En bítur það vopn í dag? Sjálfur Matthías Bjarnason sjávarútvegsráðherra hefur látið hafa eftir sér að ekki sé víst að það þurfi að leggja hluta togaraflotans til að takmarka sóknina í þorskinn því "ef til verkfalla komi" muni þau veita þorskstofninum þá friðun sem hann þarf. LÍÚ hefur eins og allir vita sett fram tillögur um aflatakmarkanir í þorskveiðunum. Það er sammerkt með tillögum LÍÚ og hugmyndum Matthíasar að það á að leggja skipunum og sjómenn og fiskvinnslufólk skal sent í kauplaust "frí".

Matthías veit hins vegar mæta vel að ef hann sendir fólkið heim úr frystihúsunum eða saltfiskverkuninni þá á hann ekki afturkvæmt á þing eftir næstu kosningar. Því vilja hann og þeir stóru í LÍÚ að það verði svosem þriggja til fjögura vikna verkfall núna þegar tjónið af slíku verkfalli verður einna minnst.

Það kemur sterklega til greina að fresta allsherjarverkfallsaðgerðum fram á loðnuvertíð á vetri komanda, því verkfall þá veldur útgerðinni miklu tjóni og er því líklegra að það yrði árangursríkara og styttra. En stöðvun einstakra veiða gæti einnig verið sterkt vopn. Slíka stöðvun yrði að skipuleggja þannig að þeir sjómenn sem stæðu í baráttunni yrðu styrktir fjárhagslega af öðrum sjómönnum. Þannig aðgerðir krefjast góðrar samstöðu og stéttarvitundar sjómanna ef þær eiga að bera árangur. Sú forysta sem fer með samningavaldið fyrir hönd sjómanna verður einnig að standa fast á rétti þeirra og ganga eingöngu útfrá þeirra hagsmunum - ekki útgerðarinnar eða "þjóðarheildarinnar", eins og alltof oft hefur viljað brenna við.

Hreinsum til í stjórnum félaganna.

Haustheingerningin á Sjómannasambandsþinginu var nauðsyn, en hún ein og sér dugir skammt. Sjálf sjómannafélögin verða að komast undir stjórn starfandi sjómanna sem gæta aðeins hagsmuna sinnar stéttar. Sjómannafélag Reykjavíkur þarfnast þess að þar verði rækilega tekið til. Stjórn félagsins er svo gjörsamlega rúin öllu trausti starfandi sjómanna að fjöldi þeirra hefur fremur skráð sig í önnur félög heldur en að fela henni að sjá um sín mál.

Það sannaðist áþreifanlega er sjómenn börðust gegn bráðabirgðalögunum, hvernig og hvers vegna sjómenn þræða framhjá skrifstofu SR. Þá rituðu tæplega 3000 sjómenn undir mótmælalistana. Ekki ein einasta undirskrift fékkst þó á skrifstofu SR en þar lágu listarnir frammi. Hversu lengi þeir lágu frammi veit skrifstofuliðið eitt því það var búið að fleygja þeim er sjómenn hugðust sækja listana.

Þær kjarakröfur sem nú eru settar fram ganga allar út á það að ná aftur því sem af okkur var stolið með bráðabirgðalögunum. Það væri því fásinna að halda að þeir sem samþykktu stuldinn á sínum tíma og hafa varið hann síðan muni nokkurn tíma standa á kröfunni um að honum verði skilað. Það er því löngu orðið tímabært að reykvískir sjómenn velji sér nýja forystu og hana úr eigin röðum - Nú er það nauðsyn.

Sækjum fram

Ein stór undantekning mun verða á allsherjarverkföllunum sem standa eiga á tímabilinu 3-9 júní. Félagar í Sókn og annað starfsfólk á sjúkrahúsum út um land á ekki að fara í verkfall. Ástæða: "Við viljum ekki láta verkfall bitna á sjúku fólki og öldruðu. Alþýðan veikist líka rétt eins og ríka fólkið." Á e. t. v. næst að biðja starfsfólk í frystihúsum að fara ekki í verkfall því alþýðan borði fisk. Þegar greiða skal Sóknarstúlku laun, þá virðist hún ekki meira virði en skíturinn á gólfinu sem hún þvær. En, ef hún ætlar í verkfall til að krefjast hærri launa, þá er rekið upp ramma-kvein. "Félagar í Sókn, ef þið farið í sólahringsverkfall er líf sjúklinganna í voða. Það hljóta allir að sjá, að ekki er hægt að kalla út aukavakt af sjúkraliðum til að búa um rúmin, aukavakt af hjúkrunarkonum til að skúra gólfin eða aukavakt af læknum í heilan sólarhring til að hella úr koppunum! Nei ef þið yfirgefið okkur verður að senda marga sjúklinga heim - og hinir - þeir bara deyja?!"

Það vantar ekki að störf okkar séu vegsömuð og lofuð og mikilvægis þeirra alls staðar getið (nema á launaseðlinum). Konur eiga kannski bara að stunda góðgerðarstarfssemi og bíta gras ef þær þurfa að lifa? Alla vega lítur svo út eftir töxtum Sóknar að dæma, enda eru Sóknarkonur þær lægst launuðu á landinu. Á alltof mörgum sjúkrahúsum og sérstaklega elliheimilum um land allt, eru Sóknarstúlkur látnar ganga í störf sjúkraliða og jafnvel hjúkrunarkvenna og þannig notaðar sem ódýr vinnukraftur. Þeir sem hneykslast á miskunnarleysi Sóknarkvenna í verkfalli eru hræsnarar sem ekkert huga að velferð sjúkra. Þeir sem berjast fyrir hagsmunum sjúkra og aldraðra þeir berjast fyrir aukinni menntun starfsfólks og bættri aðstöðu á sjúkrahúsunum, svo ekki sé sama gangastúlkan látin skúra gólf, gefa lyfin, hreinsa koppa og mata ósjálfbjarga fólk.

Sóknarkonur, krefjumst réttar okkar, tökum þátt í skæruverkföllum! Það veldur kannski tímabundnu öngþveiti á sjúkrahúsunum, en það skal líka verða til þess að vinnuaðstaðan batni og við fáum aukna starfsmenntun. Slíkt er jú einnig hagur sjúklinganna. Við krefjumst þess að störf okkar séu metin að verðleikum. Við unum ekki lengur þeim nánasarlaunum sem við fáum. Þess vegna skulum við fara í harða baráttu og verkfall Sóknarkonur, leggjum niður vinnu verkfallsdagana. Sýnum viljann í verki. Beitum verkfallsvopninu. Vilji, samstaða, framkvæmdir, sigur!

1. maí í Noregi

Árið 1968 var farið í fyrstu "Rød Arbeiderfront" göngurnar hér í Osló. Síðan hafa rauðu göngurnar verið æ fjölmennari og sterkari að pólitísku afli. Síðastliðin 4 ár hefur ganga "Faglig 1. mai front" verið sú stærsta í Osló.

Þvert á göngur borgaralegra verkalýðsflokka og afdankaðrar og afturhaldssamrar verkalýðsforystu þeirra er ganga "faglig 1. mai front" ekki ganga til kosningasmölunnar.

Hún byggir á aðalkjörorðinu: "1. maí - eining á grundvelli stéttabaráttunnar", og á þeim grundvelli bauð hún öllum framsæknum og baráttufúsum öflum og einstaklingum þátttöku.

"Faglig 1. mai front" gangan var sú eina sem tók upp baráttu gegn einokunarauðvaldinu og stéttasamvinnunni, gegn forystuliði Verkamannaflokksins og Alþýðusambandsins. Og hún var sömuleiðis ein um að styðja baráttu erlendra verkamanna hér í Noregi í baráttunni gegn öllu kynþáttahatri og kynþáttamisrétti - styðja baráttuna gegn hvers kyns kúgun kvenna o. fl.

Sömuleiðis var lögð rík áhersla á einhuga stuðning við þjóðfrelsishreyfingar og baráttu alþýðunnar um heim allan gegn hinum heimsvaldasinnuðu risaveldum, Sovétríkjunum og Bandaríkjunum.

Aðalkjörorð og kröfur þessarar göngu lýsa því vel fyrir hverju baráttufús og meðvituð alþýða berst fyrir í Noregi í dag: 1. Verkalýður og kúgaðir í öllum löndum sameinist. 2. Gerum stéttarfélögin að baráttutækjum - til baráttu gegn hvers konar stéttasamvinnu. 3. Til baráttu gegn launalækkunum - höfnum heildarsamningum einokunarauðvaldsins og DNA/LO-forystunnar. 4. Samstaða norskir verkamenn - erlendir verkamenn. 5. Stöndum vörð um verkfallsréttinn - baráttu gegn brottrekstrum og pólitískum uppsögnum. 6. Til baráttu gegn allri heimsvaldastefnu, nýlendustefnu og síonisma 7. Til baráttu gegn hinum heimsvaldasinnuðu risaveldum Sovétríkjunum og Bandaríkjunum. 8. Svalbarði er norskt landsvæði - vísum á bug sovéskum þrýstingi. 9. Styðjum þjóðfrelsisbaráttuna í Azaníu, Namibíu og Zimbabwe 10. Styðjum baráttu Sama (lappa) gegn þjóðlegri kúgun. 11. Bannið nasíska flokkinn Norsk front. 12. Til baráttu gegn lögregluofbeldinu. 13. Til baráttu gegn hvers kyns kúgun konunnar. 14. Enga verðhækkun - ókeypis dagheimili handa öllum börnum. 15. Fyrir sósíalískum Noregi.

Krafan um að "vinstri" ríkisstjórnin verði að segja af sér eftir olíu-slysið í Norðursjónum var mikið í 1. maí-aðgerðunum alls staðar í landinu.

Auðvaldinu hefur að undanförnu legið mikið á að nýta þá olíu sem finnst undan ströndum Noregs og hefur í hyggju að hefja boranir fyrir norðan 62° breiddargráðu. Til að komast sem fyrst yfir auðfenginn gróða. Í því spili er hvorki hirt um líf verkafólks eða heilsu, auðlindir hafsins né umhverfisverndun.

Þegar hafa nokkrir verkamenn misst lífið úti á borunarpöllunum og nú streymdu tugþúsundir lítra af olíu út á Norðursjóinn. Öryggisútbúnaðurinn sem til var, reyndist öldungis ófullnægjandi og aðeins reyndist kleyft að eyða og safna saman hluta olíunnar. Restin kemur því til með að valda ómældum skaða.

Og það er víst óhætt að segja að framsækið og baráttufúst fólk hafi þjappað sér saman um þessi baráttumál 1. maí í ár. Í göngum og öðrum aðgerðum faglig 1. mai front sem voru á um 100 stöðum söfnuðust saman rúmlega 20.000 manns, mikið fleiri en í stéttasamvinnugöngum Verkamannaflokksins og sósíalíska vinstriflokksins. Á flestum stöðum var ganga "faglig 1. mai front" jafnstór báðum stéttasamvinnugöngunum eða stærri.

Íslenskir námsmenn í Osló skipulögðu sig til þátttöku í faglig 1. mai front. Þeir ákváðu að leggja höfuðáherslu á baráttuna gegn ásælni erlends auðvalds á Íslandi sem og allri heimsvaldastefnu. Í samræmi við það reistu þeir kröfurnar: Verjum sjálfsákvörðunarrétt íslensku þjóðarinnar gegn allri heimsvaldastefnu. Berjist gegn allri norskri heimsvaldastefnu - burt með Elkem-Spiegelverket og Norsk Hydro frá Íslandi. Gegn rányrkju í N-Atlantshafinu, Full yfirráð yfir 200 sjómílunum - enga samninga við Efnahagsbandalagið. Ísland burt úr NATO - NATO burt frá Íslandi.

Hvað gerðist í Istanbul?



Fórnarlömb skotárásar kratanna og lögreglunnar.

"Maóistar skjóta á fjöldagöngu í Istanbul!" Þannig hljómuðu fréttir þær sem bárust frá átökunum í Istanbul þann 1. maí s. l. Ekki beint glæsilegur vitnisburður um framvarðarsveit verkalýðsins - ef satt væri. Í átökum þessum létust a. m. k. 34, 200 særðust og 400 manns voru handteknir. Frásögnin hér á eftir er byggð á dagblaði norskra marx-lenínista, Klassekampen, sem leitað hefur frétta af atburðum þessum meðal tyrkneskra byltingarsinna.

"Tyrknesku byltingarsinnarnir lýsa atburðunum á Taksim torgi sem sósíalfasísku samsæri. Landsambandið DISK sem endurskoðunarsinnar ráða skipulagði göngu og útifund 1. maí undir merkjum stéttasamvinnustefnunnar. Hinn ólöglegi verkamanna og bændaflokkur Tyrklands (TIIKP) og önnur byltingarsinnuð samtök, höfðu skipulagt mikla göngu sem gekk rétt á eftir DISK - göngunni.

Götuvígi gegn byltingarsinnum

Þegar þessi ganga kom að Taksim torgi, reisti "varðlið" endurskoðunarsinna götuvígi til þess að koma í veg fyrir að byltingarsinnar kæmust inn á torgið. Varðlið endurskoðunarsinna hörfaði í fyrstu en hóf síðan árás í samvinnu við lögregluna og þröngvuðu byltingarsinnunum upp í eitt horn torgsins. Þá tóku félagar í varðsveit endurskoðunarsinna að skjóta og síðan lögreglan. Allt þetta leiddi til hreinna manndrápa þar sem falskir "kommúnistar" og lögregla skutu í sameiningu inn í raðir byltingarsinna.

Tyrknesku marx-lenínistarnir kalla manndrápin glæp sem hinn falski "kommúnistaflokkur" ber alla ábyrgð á. Það að árásin skyldi beinast að marx-lenínistum sýnir að þeir hafa í hyggju að brjóta þá niður.

GERIST ÁSKRIFENDUR

Stéttabaráttan vikublað